

BLÁFJALLANEFND

Ár 2002. Þriðjudaginn 24. sept. var haldinn 222. fundur Bláfjallanefndar. Fundurinn var haldinn í Bláfjallaskála og hófst kl. 17:40. Viðstaddir voru: Formaður Ingvar Sverrisson, Páll Ármann Eggertsson, Páll Grétarsson, Sigurður Guðmundsson, Ingi Þór Hermannsson, Ragnar Sigurðsson og Hildur Jónsdóttir. Jafnframt: Þorsteinn Hjaltason forstöðumaður, Grétar Hallur Þórisson rekstrarstjóri og Logi Sigurfinnsson framkvæmdastjóri. Fundarritari: Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri.

Þetta gerðist:

1. Grétar Hallur Þórisson rekstrarstjóri í Bláfjöllum fór með nefndarmenn í skoðunarferð um svæðið.
2. Lagt fram bréf Sveitarfélagsins Ölfus dags. 14. ágúst sl. þar sem tilkynnt er að Ragnar Sigurðsson hafi verið kosinn aðalmaður og Ólafur Áki Ragnarsson til vara í Bláfjallanefnd.
3. Lagt fram bréf Kópavogsbæjar dags. 12. ágúst sl. þar sem tilkynnt er að Ingi Þór Hermannsson hafi verið kosinn aðalmaður og Guðmundur Þór Björnsson til vara í Bláfjallanefnd.
4. Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dags. 12. ágúst sl. þar sem tilkynnt er að Sigurður Guðmundsson hafi verið kosinn aðalmaður og Örn Kjærnested til vara í Bláfjallanefnd.
5. Lögð fram fundargerð seinasta fundar.
6. Lögð fram fundargerð rekstrarstjórnar nr. 36.
7. Lögð fram eftirfarandi tillaga að gjaldskrá og opnunartíma á skíðasvæðum veturinn 2002-2003:

Dagskort virka daga:

Fullorðnir	900
Börn, 6-16 ára	400

Dagskort helgar:

Fullorðnir	1.000
Börn	500

Árskort fullorðinna	12.000
Árskort barna	6.000
Mánaðarkort fullorðinna	5.000
Mánaðarkort barna	2.500
Æfingakort eldri	5.000
Æfingakort yngri - 8 ára og yngri	2.500

Opnunartími:

Virka daga 14:00-21:00
Helgar og frídaga 10:00-18:00

Hægt er að opna fyrir hópa að morgni virka daga og skal haft samráð um það við forstöðumann skíðasvæðisins. Þegar sól hækkar á lofti og/eða aðstæður leyfa verður opið virka daga til 22:00.

Samþykkt.

8. Rætt um mögulegar kynnisferðir Bláfjallanefndarfulltrúa. Vísað til framkvæmdastjóra.
9. Lagt fram til kynningar útlit á væntanlegri heimasíðu skíðasvæðanna.
10. Framkvæmdastjóri fór yfir þær samþykktir sem gerðar hafa verið í sveitarfélögunum varðandi sameiningu skíðasvæða.
11. Lögð fram drög að nýrri samþykkt fyrir Bláfjallanefnd.
12. Lagt fram til kynningar bréf Skíðadeildar Breiðabliks dags. 24. sept. sl. varðandi unglíngameistaramót Íslands á skíðum 2003.
13. Lögð fram fundaráætlun Bláfjallanefndar til vors. Samþykkt.
14. Fulltrúi Sveitarfélagsins Ölfus sagði frá stöðu mála sveitarfélagsins varðandi sameiningarmál.

Fundi slitið kl. 19:50

Ingvar Sverrisson

Páll Ármann Eggertsson
Sigurður Guðmundsson
Hildur Jónsdóttir

Páll Grétarsson
Ingi Þór Hermannsson